



318. fundur Afrekssjóðs ÍSí 9. september 2024 kl. 15.30

Mætt. Öll á Teams.

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson(SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð. Vésteinn Hafsteinsson afrekisstjóri ÍSí

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ) formaður

1. Viðvera fulltrúa Afrekssviðs.

Á síðasta fundi Afrekssjóðs var rætt um að auka samtal við starfsfólk Afrekssviðs. Var ákveðið að bjóða fulltrúa sviðsins að mæta á fundi afrekssjóðs til áheyrnar og umræðuþátttöku og verður gert framvegis.

Vésteinn var ánægður með fyrirkomulagið. Taldi gott að auka samtal stjórnar Afrekssjóðs og starfsmanna Afrekssviðs.

Þá var rætt um mikilvægi þess að stjórn Afrekssjóðs fengi upplýsingar ef verið væri að ræða málefni sjóðsins eða ákvarðanir hans á fundum í hjá ÍSí eða í ráðuneytinu.

KSR kemur því til skila.

2. Skipulag kynningarfundar með sérsamböndum.

Fundur var haldinn með sérsamböndum vegna umsókna og úthlutunar 29. ágúst sl. Fundurinn gekk vel. Var umsóknarferlið kynnt auk væntanlegrar fjárhæða. Þá kynnti Vésteinn stöðuna á væntu viðbótarfjármagni í Afreksstarf.

Góð mæting var á fundinn. Um 27 aðilar frá sérsamböndunum mættu auk þess sem 19 voru á Teams. Var flest allt stjórnarfólk Afrekssjóðs viðstatt eða á Teams auk fulltrúa Afrekssviðs.

Búið er að senda út glærुकynningu fundarins auk afrekskvarða, áherslna og umsóknareyðublaðs ársins. Þá var send út slóð um boð á fundartíma fyrir þau sérsambönd sem vilja ræða sína umsókn þegar hún er á veg komin.

3. Erindi frá sérsamböndum

Erindi frá HSÍ um viðbótarúthlutun

HSÍ sendi inn beiðni þann 29. ágúst sl. um viðbótarúthlutun úr Afrekssjóði vegna ársins 2024 vegna þátttöku A- landsliðs kvenna í lokamóti EM í Ungverjalandi, Sviss og Austurríki í nóvember 2024.

HSÍ fékk ekki sérstakan styrk vegna þátttöku liðsins í lokamótinu við úthlutun í byrjun árs, enda átti liðið eftir að klára leiki í riðlakeppninni, heldur fékk eingöngu styrk vegna

ferðarinnar(umfang). Stjórn Afrekssjóðs samþykkti viðbótarúthlutun til HSÍ, 4mkr. vegna sambærilegrar þátttöku A landsliðs kvenna á lokamóti HM á síðasta ári.

Erindi samþykkt. HSÍ fái 4 mkr. viðbótarúthlutun vegna þátttöku A-landsliðs kvenna á lokamóti EM 2024.

Lagt fyrir Framkvæmdastjórn til staðfestingar.

4. Niðurfellingar vegna 2023.

Yfirferð uppgjors og ársreikninga með tillit til afrekskostnaðar og sundurliðun afreksþátta vegna ársins 2023 er lokið hjá sautján sérsamböndum til viðbótar. Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

Sérsamband	Úthlutun ASJ 2023	Niðurfelt 2023
BLÍ - Blaksamband Íslands	9.100.000	200.000
BSÍ - Badmintonsamband Íslands	11.400.000	625.000
BTÍ - Borðtennissamband Íslands	1.890.000	434.098
DSÍ - Dansípróttasamband Íslands	11.350.000	272.500
FSÍ - Fimleikasamband Íslands	54.700.000	0
GSÍ - Gólfsamband Íslands	39.400.000	-
HNÍ - Hnefaleikasamband Íslands	1.950.000	500.000
HRÍ - Hjólreiðasamband Íslands	3.300.000	371.354
HSÍ - Handknattleikssamband Íslands	82.600.000	0
ÍF - Íþróttasamband fatlaðra	29.375.000	0
ÍHÍ - Íshökkísamband Íslands	11.800.000	-
JSÍ - Júdósamband Íslands	11.250.000	-
KÍ - Klifursamband Íslands	1.925.000	0
KKÍ - Körfuknattleikssamband Íslands	35.800.000	0
KRA - Kraftlyftingasamband Íslands	18.225.000	0
LSÍ - Lyftingasamband Íslands	11.850.000	0
MSÍ - Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttasamband Íslands	1.575.000	325.000
SKÍ - Skíðasamband Íslands	36.500.000	-
SSÍ - Sundsamband Íslands	39.850.000	0
STÍ - Skotíþróttasamband Íslands	11.550.000	1.634.250
TKÍ - Taekwondosamband Íslands	2.200.000	-
TSÍ - Tennissamband Íslands	2.300.000	275.000
ÞRÍ - Þríþrautarsamband Íslands	4.300.000	-

Alls er því nú um 4.637.202 kr. niðurfellingar að ræða hjá sautján sérsamböndum og þar af voru átta með sannanlegan kostnað til staðar. Eru niðurfellingar reiknaðar í samvinnu við forsvarsaðila þessara sérsambanda.

Koma þessar niðurfellingar til viðbótar fyrri niðurfellingum að fjárhæð 3.294.546 kr. Alls niðurfellingar vegna ársins 2023 eru því komnar í 7.931.748 kr.

Enn eru ófrágengin uppgjör frá sex sérsamböndum vegna ársins 2023.

Stjórn Afrekssjóðs leggur til að fella niður afreksstyrki að þessu sinni 4.637.202 kr. skv. framangreindu til viðbótar fyrri niðurfellingum að fjárhæð 3.294.546 kr.

Lagt fyrir Framkvæmdastjórn til staðfestingar.

5. Niðurfellingar vegna 2022.

Yfirferð uppgjors og ársreikninga nokkurra sérsambanda með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðun afreksþátta vegna ársins 2022 er lokið. Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

MSÍ: óbreytt frá uppgjöri 225.000kr.

JSÍ: óbreytt frá uppgjöri 147.935kr.

Þá hafði ÞRÍ verið niðurfellt um 367.500kr. vegna hæfileikamótunar. ÞRÍ hefur sent inn fullnægjandi gögn til staðfestingar á afrekskostnaði vegna afreksþáttarins. Verður því niðurfelling 0kr.

Alls niðurfellingar vegna ársins 2022 eru því 8.117.961kr.

Enn er þá ófrágengið uppgjör frá einu sérsambandi vegna ársins 2022, GSÍ.

Stjórn Afrekssjóðs leggur til að lækka niðurfellda afreksstyrki vegna ársins 2022 skv. framangreindu að fjárhæð 367.500kr.

Lagt fyrir Framkvæmdastjórn til staðfestingar.

6. Önnur mál

Umræða fór fram um niðurfellingar hjá sérsamböndum sem ekki komust á Ólympíuleikana í París. Fyrir liggur að um 8,3mkr. voru styrktar í Umfangi vegna þátttöku á leikunum hjá fimm sérsamböndum sem stefndu á leikana en komust ekki á þá.

KSR tilkynni viðkomandi sérsamböndum.

Fundi slitið kl. 16.36